

Fyrsti fundur vetrarins í Gammadeild var haldinn fimmtudaginn 16. september 2010. Gammakonur hittust á Kjarvalsstöðum kl. 16:20 til að skoða sýninguna *Með viljann að vopni. Endurlit 1970-1980*. Á sýningunni eru verk 26 listakvenna frá áttunda áratugnum eða kvennaáratugnum svonefnda. Við upphaf hans var Rauðsokkahreyfingin stofnuð og við lok hans varð Vigdís Finnbogadóttir forseti. En um miðjan áratuginn var kvennafrídagurinn. Gerður G. Óskarsdóttir leiddi hópinn um sýninguna og sagði lítillaga frá listakonunum og verkum þeirra, en hún kynntist mörgum þeirra á þessum árum. Frá Kjarvalsstöðum hélt hópurinn síðan á *Nemaforum* sem er menningarhús í Slippsalnum við Gömlu höfnina.

Nýr formaður, Kristín Jónsdóttir, setti fund og bauð konur velkomnar. Hún þakkaði fyrri stjórn vel unnin störf og greindi frá verkaskiptingu nýrrar stjórnar. Helga er varaformaður, Gerður ritari og Kristjana meðstjórnandi. Árný er áfram gjaldkeri (utan stjórnar). Eftir nafnakall (22 konur mættar) var gengið til dagskrár, en undir dagskránni birtust myndir úr starfinu á tjaldi.

1. **Alþjóðáþing og leiðtoganámskeið.** Ingibjörg Jónasdóttir, forseti DKG á Íslandi, sagði frá ferð sinni til Bandaríkjanna í sumar. Það sótti hún Golden Gift leiðtoganámskeiði sem fram fór í Háskólanum í Austin, Texas. Síðan sagði hún frá alþjóðáþinginu sem að þessu sinni fór fram í Spokehan og var helgað lagabreytingum. Þar tók hún einnig þátt í framkvæmdaráðsfundum. Nánari frásögn af þinginu er á vef DKG. Ásamt Ingibjörgu sátu þingið þær Anh Dao Tran sem flutti fyrirlestur í workshop um verkefnið Framtíð í nýju landi, Sigrún Jóhannesdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir sem var að ljúka tímabili sínu sem annar alþjóðáforseti. Nú taka fimm íslenskar konur þátt í alþjóðlegum nefndum á vegum heildarsamtakanna. Herta er í Membership-nefndinni, Jóhanna Einarsdóttir í Educators Award-nefndinni, Sigríður Ragnardóttir í Educator Excellence-nefndinni, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir í Leadership-nefndinni og Sigrún Klara í ritnefnd næstu fjögur árin. Við höfum nú fengið styrk til að halda tvö leiðtoganámskeið sem haldið verða á næstunni. Leiðbeinandi kemur frá Bandaríkjunum. Kr. 15.000 kostar að taka þátt.
2. **Fundur forseta með formönnum deilda.** Formaður greindi frá því að þann 4. september nk. yrðir fundur foreseta með formönnum deilda, formönnum nefnda og fleirum.
3. **Dagskrá vetrarins.** Formaður fór yfir markmið samtakanna og vali stjórnar á þema vetrarins sem verður sjöunda markmið Alþjóðasamtakanna þ.e. „að fræða konur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna“. Þá greindi hún frá efni dagskrár til jóla og dreifði dagatali, en fundir verða 6. okt. hjá Gerði, 9. nóv. hjá Kristínu Bjarnad. og 6. des. hjá Árnýju.
4. **Minning um Sonju Helgason.** Pálína minntist Sonju Helgason sem lést í sumar, en hún var um árabíl félagi í Gamma deild og formaður hennar frá 1984-1986. Sonja rak Nesti í Kópavogi og starfaði sem íþróttakennari fatlaðra. Pálína minntist sérstaklega haustfunda deildarinnar í sumarbústað Sonju við Selvát. Fundarkonur tókust í hendur og minntust Sonju.
5. **Árgjaldið.** Árný gjaldkeri greindi frá því að árgjaldið yrði áfram kl. 9.000.-. Deildin er nú komin með kennitölu og auðveldar það bankaviðskipti.
6. **Matur.** Ásta Ragnarsdóttir sem rekur Nemaforum með manni sínum Valgeiri Guðjónssyni, bauð hópinn velkominn á staðinn. Hún lýsti matnum sem borinn yrði fram, nemakúlur með brauði.
7. **Námsstyrkur frá DKG.** Anh Dao sagði frá styrk til doktorsnáms sem hún hefur hlotið frá DKG International Scholarship Award, að upphæð \$ 6.000. Hún greindi einnig frá efni erindis síns á Alþjóðáþinginu í sumar.

Formaður sleit fundi kl. 16:50 og þakkaði konum fundarsetuna.

Gerður G. Óskarsdóttir, fundarritari